

Árið 2006, miðvikudaginn 13. desember, kl. 10.00, kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **55. fundar** að Óseyri 2, Akureyri.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

**1.** Sólveig Hjaltadóttir, Smáratúni 7, Svalbarðseyri, sækir um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara einbýlishússins að Smáratúni 7, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Árna Gunnari Kristjánssyni, dags. 23.11.2006, verk nr. Á94-301. Fyrirhugað er að starfrækja heimagistingu í húsnæðinu.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.**

**2.** Níels Hafstein, Safnasafninu, Svalbarðsstrandarhreppi, sækir um leyfi til að lengja glerskála meðfram vesturhlið á núverandi íbúð Safnasafnsins (gamla Samkomuhúsinu), samkvæmt meðfylgjandi ófullgerðum teikningum frá Ragnheiði Ragnarsdóttur, dags. 22.10. 2006.

**Byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið, en frestar endanlegri afgreiðslu þar til fullunnar teikningar liggja fyrir.**

**3.** Kran-Hús ehf, Miðholti 4, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja sumarhús á lóð nr. 38 við Kotbyggð í landi Veigastaða, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Kollgátu-arkitektúr-hönnun, dags. 29.09. 2006.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

**4.** Wilhelm V. Steindórsson, fyrir hönd landeiganda Leynings í Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir geldneytafjosi sem fyrirhugað er að reisa við fjósið í Leyningi, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Byggingarþjónustu Bændasamtaka Íslands (Magnúsi Sigsteinssyni), dags. 26.10. 2006, verk nr. 0946-10, sbr. 8. tölulið 54. fundar.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

**5.** Norðurorka, Rangárvöllum, Akureyri, sækir um leyfi fyrir borholuhúsi á virkjunarsvæði við Hjalteyri, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Verkfræðistofu Norðurlands, dags. maí 2003.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00

Árni Kristjánsson	Bragi Pálsson
Hermann Jónsson	Klængur Stefánsson
Kristján Kjartansson	Jósavin Gunnarsson

Valtýr Sigurbjarnarson ritaði fundargerð